

Símenntun á Vesturlandi

128. stjórnarfundur Símenntunar var haldinn mánudaginn 18.11.2024, kl. 11:00 á Teams. Mætt: : Hrafnhildur Hallvarðsdóttir formaður, Jóhanna María Sigmundsdóttir, Kjartan Kjartansson, Vignir Smári Maríasson, Áshildur Bragadóttir og Guðrún Vala Elísdóttir framkvæmdastjóri.

Dagskrá fundar:

Formaður setur fund og býður Áshildi Bragadóttur velkomna í stjórn, en hún tekur við sem aðalfulltrúi í stjórn af Önnu Jónu Kristjánsdóttur sem hefur látið af störfum. Guðrún Vala ritar fundargerð.

1. Fyrsti liður á dagskrá er **endurskoðuð fjárhagsáætlun** fyrir árið 2024 sem framkvæmdastjóri fer yfir og lögð er fram til samþykkis. Í endurskoðaðri áætlun er gert ráð fyrir tekjum upp á 145,2 milljónir. Gert er ráð fyrir rekstarafgangi um 17 milljónir. Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir einstökum liðum og er fjárhagsáætlun samþykkt samhljóma.
2. **Framkvæmdastjóri** fer yfir núverandi verkefni; hvaða námsleiðir FA eru í gangi (Samfélagstúlkun, Skref til sjálfshjálpar, Fagnám í umönnun fatlaðra, Tölvugrunnur og sjálfsefning og FAB lab smiðja), Velferðarskóla Vesturlands, Fjölmennnt, Námskeið f. fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög. Fjölmenningskólinn (vefsíða), íslenska, náms- og starfsráðgjöf, raunfærnimat, Færni á vinnumarkaði sem er nýtt verkefni fyrir fólk með fötlun, og erlent verkefni (Eco Social Agency) sem er að ljúka. Framundan er prófatíð og í janúar fer Stóriðjuskóli í gang og framhald verður á fagnáminu.
3. **Starfsmannamál**, náms- og starfsráðgjafi hefur látið af störfum og þarf að auglýsa þá stöðu. Gerður hefur verið verktakasamningur við náms- og starfsráðgjafa á Snæfellsnesi til þess að annast ráðgjöf þar.
4. **Önnur mál**, framkvæmdastjóri sagði frá endurnýjun á viðurkenningu fræðsluðaðila en umsókn var skilað í byrjun nóvember til ráðuneytis. Endurnýja þarf á þriggja ára fresti og rennur núverandi út 24.11.2024.
Framlag ríkisins til Símenntunar er 41,7 millj fyrir 2025 skv. ósamþykktum fjárlögum. Úthlutun Fræðslusjóðs í formi styrkra verkefna fyrir árið 2025 er
 - Námsleiðir 27.000.000
 - Ráðgjöf 10.640.000
 - Raunfærnimat 11,120,000

Rætt um endurmenntun atvinnubílstjóra og endurnýjun skyndihjálparskírteina, ráðstöfun á hagnaði o.fl.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:30